



Ofangreindar 3 kennslubækur hef ég gefið út og nota í kennslu fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli á framhaldsskólastigi, en þær henta einnig neðri skólastigum og seinfærum nemendum.

**Orð fyrir orð** er ætluð byrjendum og markið sett á að hún nýtist öllum hópnum hvar sem hver og einn er staddur. Lögð er áhersla á að þjálfra alla skynjunarþætti nemandans: skilning á töluðu og rituðu máli, framburð og orðaforða. Einnig er farið í einföldustu málfræðihugtök, reglur einfaldaðar og heiti kaflanna vísa til þeirra málfræðiatríða sem tekin eru fyrir. Markmiðið er að skila nemendum upp í næsta áfanga þannig að þeir geti talað og skrifað eitthvað á íslensku og hafi eitthvað að tala og skrifa um.

**Orð verða setningar** er ætluð lengra komnum nemendum og er með meiri lestexta og talsvert meiri málfræði, sem þó er einfölduð eins og í fyrri bókinni. Bætt er í orðaforðann og helst þar sem hann tengist því sem fólk gerir í daglega lífinu.

**Orðfylla** er krossgátubók, en þær eru góð leið til að bæta við orðaforðann og skrifa orðin rétt, því annars gengur krossgátan ekki upp. Fyrsta gátan er aðeins átta orð, orðum er aukið við smátt og smátt upp í 27 orð auk lausnarorðs. Krossgátunum fylgir lestexti í samtalsformi og verkefni til að festa orðin betur í minni.

**Talað orð** er svo fjórða bókin sem kom út haustið 2010. Hún er fyrir byrjendur sem eru að feta sig áfram í að tala íslensku. Nemendur gera verkefni undir leiðsögn og kennari ber fram spurningar sem tengjast verkefnunum sem nemendur svara munnlega.

Hægt er panta bækurnar beint frá höfundi í gegnum tölvupóst: [annad.mal@gmail.com](mailto:annad.mal@gmail.com)  
Síðan eru þær seldar í IÐNÚ og Pennanum Eymundsson á Akureyri.

Með bestu kveðju

Eva Örnólfsdóttir, M.Ed. í uppeldis- og kennslufræði með áherslu á fjölmenningu.

[eva@tskoli.is](mailto:eva@tskoli.is), [annad.mal@gmail.com](mailto:annad.mal@gmail.com)

gsm í vinnu: 565 1202

og gsm: 8478283